

Eru auðjöfrar aflvakar styrjalda? Auðmagn, trú og Gyðingaland

Heimsstyrjaldirnar tvær ullu skelfilegum hörmungum fyrir almúgann í hinum stríðshráðu ríkjum sem og hinum, sem ekki tóku beinan þátt í hildarleiknum. Á meðan fitnuðu auðjöfrarnir á blóði og brjálæði eins og púkar á fjósbita. Það er erfitt að varast þeirri hugsun, að þeir hafi ráðið miklu um þróun heimsins og framvindu.

Burðarásinn í samvinnu auðmagnsaflanna í Bretlandi og Bandaríkjunum, undir lok þar síðustu aldar, voru John Pierpont Morgan (1837-1913) og Rothschild-fjölskyldan (Rauðskjöldungar), sem var bakhjarl þess fyrrnefnda.

Hvort tveggju bankaveldanna tók virkan þátt í fjármögnun heimstyrjaldanna. (Sbr. bók Carroll Quigley. „Harmleikur og von: Samtímasagan og bresk-bandaríska veldið“ (Tragedy and Hope: A History of the World in Our-Time og The Anglo-American Establishment)

Rothschild-veldið skipar í þessu tilliti sérstakan sess. Rætur hinnar þýsku ættar kynnu að liggja um Úkraínu og allar götur aftur til Kasaríu (Khazaria), Hún hefur verið rakin aftur til 1577.

Kasarar voru herská þjóð, sem á fyrstu öld fyrir Krist lagði undir sig víðfem lönd í Kákasus, kringum Svartahaf og Kaspíahaf. Þau fólu í sér það landsvæði, sem nú er Úkraína. Líklegt er talið, að Kasarar hafi komið austan úr Asíu.

Norrænu Rússaríkin í Hólmgarði (Novorod) og Kænugarði (Væringjar), elduðu við þá grátt silfur. Ríkin tvö settu Kasörum afarkosti m.a. í trúmálum. Þeir yrðu að taka upp eingyðistrú. En Kasarar trúðu á fjölda guða. Í staðinn tóku þeir upp trú hinna fornu Ísraela eða gyðinglega trú. Þeir eru taldir Gyðingar, sem eiga gyðingtrúar móður.

Gyðingar frá Kasaríu dreifðust um alla Evrópu og eru kallaðar Ashkenazi Gyðingar. Stórveldi Kasara leið smám saman undir lok í stríði við norrænu-rússnesku ríkin og Tyrki. Þetta eru söguslóðir Íslendinga á þjóðveldisöldinni.

Gyðingarnir frá Kasaríu hafa getið af sér marga afburðamenn á öllum sviðum mannlífsins, m.a. í viðskiptum og bankastarfsemi. Þar á meðal eru Rauðskjöldungar.

Rauðskjöldungar kunna flestum betur þá list að græða peninga í kreppum og stríðum, sem þeir jafnvel leggja drög að. Ættmóðirin sjálf, Guttle Schapper Rothschild (1753-1849), tók þannig til orða;

„Ef strákarnir mínir [þ.e. synirnir fimm] vildu ekki stríð, þá væru engin stríð.“

Nathan Mayer Rothschild (1777-1836), þýsk-breskur aðals- og bankamaður, kemur eftirminnilega við sögu stríðsgróða og fjárfestingafræða. Hann ku hafa sagt:

„Kaupið, þegar göturnar eru blóði drifnar, jafnvel þótt um eigið blóð sé að ræða.“

Sjálfur fjárfesti hann ótæpilega í stríði Breta og Frakka við Waterloo árið 1815, sem raunar var meira eða minna fjármagnað af fjölskyldunni. Yngri bróðirinn, James (Jakob) Mayer de Rothschild (1792-1868) veitti einvaldi Frakka, Napóleon Bonaparte (1769-1821), lán. Þetta er trúlega fyrsta dæmið um fjármögnun náskyldra fjárfesta í herbúnaði andstæðra stríðsaðilja.

Fjárfestingar Nathan Mayer skiluðu sér tuttugufalt. (Svipað og fjárfestingar Bill Gates í veirustríðinu.) Þannig varð hann eins konar fjármálaeinvaldur í Stóra-Bretlandi.

Nathan varð á orði:

„Það varðar mig engu, hvaða strengjabrúða sest í hásæti Englands til að ríkja yfir heimsveldinu, þar sem sólin aldrei sest. Sá, er stjórnar peningaaðföngum Bretlands, stjórnar einnig breska heimsveldinu. Og ég stjórna þessum aðföngum.“

Þess ber að geta, að Nathan þessi var sonur ættföðurins, Mayer Amschel Rothschild (1744-1812) og fyrrnefndrar Guttle. Þau eignuðust ellefu börn.

Mayer, lærifaðir sonanna, er m.a. þekktur fyrir þann skilning, að máttur fjármagnsins, sé lögum ofar:

„Látið mig stjórna peningaaðföngum þjóðarinnar og þá má einu gilda, hverjir löggjafarnir eru.“ Þessi speki „ávaxtaðist“ firna vel hjá afkomendum hans eins og nefnt er dæmi um.

Mayer Amchel gekkst fyrir stofnun Illuminati eða Ljósálfanna, leynihreyfingar í ætt við hina páfahollu Jesúitahreyfingu, ásamt lögfræðingnum, (Johann) Adam Weishaupt (1748-1830). Skoski rithöfundurinn og sagnaritarinn, Walter Scott (1771-1832), hefur haldið því fram, að Ljósálfarnir hafi fjármagnað frönsku byltinguna.

Mayer Amchel var einnig mikill áhugamaður um stofnun Gyðingalands eða Ísraelsríkis (zionism). En það var sonarsonurinn, Edmond (Benjamin) James de Rothschild (1845-1934), sem lét draum afa síns og ættarinnar um eigið ríki, rætast. Hann ferðaðist til Palestínu árið 1895. Í kjölfarið fjármagnaði Edmond James fyrstu Gyðingabyggðirnar þar um slóðir.

Tveim árum síðar stofnaði Edmond James „Gyðingalandsráðið“ (Zionist Congress). Fyrsti fundur þess var á vegum „Gyðingalandsshreyfingarinnar“ (Zionist Organization). Fundarstjóri var ungversk-austurríski lögfræðingurinn og blaðamaðurinn, Theodor Herzl (1860-1904). Bretar höfðu boðið hreyfingunni land fyrir Ísraelsríki í Austur-Afríku. En Palestína skyldi það vera.

Gyðingalandsshreyfingin notaði í auðkennismerki sitt hið rauða skilti Rauðskjöldunga. Það blasti við vegfarendum á húsi þeirra í Þýskalandi. Rúmri hálfri öld síðar, eftir skærur og styrjaldir, bæði á vettvangi Palestínu og alheimsstjórnmalanna, varð það að fána Ísraelsríkis, sem stofnað var 1948.

Við friðarsamningana í Versölum árið 1919, þegar endir var bundinn á fyrstu heimstyrjöldina eða öllu heldur samið um vopnahlé í heimstyrjöldinni, sem enn geisar, féll það í skaut Breta að hafa umsjón með Palestínu.

Samkvæmt samningi við bandaríska Gyðingaveldið, Balfour-samningnum, beittu Bretar sér nú fyrir stofnun Ísraelsríkis í Palestínu. Bandaríkjamennirnir höfðu staðið við sína skuldbindingu, þ.e. að draga Bandaríkin inn í stríðið.

Bandaríkjaforseti, Harry S. Truman (1884-1972), viðurkenndi Ísraelsríki við stofnun þess, en eftir að Rauðskjöldungar höfðu gaukað að honum tveim milljónum dala.

Þegar James Armand Edmond (Jimmy) de Rothschild (f. 1878) lést árið 1958, ánafnaði hann fjármunum til að reisa þinghús Ísraelsríkis, Knesset. Að hans sögn ætti Knesset að vera „tákn um varanleika Ísraels í augum allra manna.“ Jimmy var sonur Edmond James, sem hóf uppkaup lands í Palestínu og fyrr er nefndur.

Fimm synir Mayer Amchel og Guttle stofnuðu viðskipta- og bankaveldi víða um heim, m.a. í Vín, París, Washington, Napolí og Lundúnum. Og eplið féll ekki langt frá eikinni. Þegar Bandaríkjaþing þráaðist við að endurnýja starfsleyfi Rothschild-bankans, „Banka Bandaríkjanna“ (Bank of the United States), sló í brýnu, sem með góðum rökum mætti kalla baráttuna milli lýðræðis og auðræðis.

Umræddur banki var stofnaður af Nathan Mayer Rothschild (1777-1836) í samvinnu við góðkunningjann, Alexander Hamilton (1755-1804). Hann var einn af „stofnfeðrum“ Bandaríkjanna. Bankinn var stofnaður átta árum, eftir að sjálfstæðisstríði Bandaríkjanna við „móðurlandið“ lauk árið 1783.

Benjamin Disraeli (1804-1881), forsætisráðherra Breta, lýsir Nathan Mayer, fyrrum trúbróður sínum, svo;

að hann væri „guð og herra peningamarkaða í veröldinni og að sjálfsögðu guð og herra alls annars. Hann hefur bókstaflega ríkisfjárhirslu Suður-Ítalíu að veði. Einvaldar og ráðherrar allra ríkja þiggja ráð hans og leiðbeiningar.“

Rauðskjöldungar ríkja enn, „leynast“ í alþjóðlegum fjárfestingasjóðum á borð við Svarta klett (Black Rock) og Vanguard, sem meira og minna eiga hvorn annan og veröldina.

Sjóðseigendur auðgast stöðugt á stríðum, t.d. í Úkraínu, sóttum og hamfarahlýnun, undanfara „Endurræsingarinnar miklu“ (The Great Reset) og Nýrrar heimskipanar (New World Order). Hvort tveggja er í burðarliðnum um þessar mundir.

Ábending um lesefni:

Charles Higham. Trading with the Enemy: An Exposé of the Nazi-American Money Plot 1933-1949

Heimildir:

Mike S. King: Planet Rothschild I og II. Pdf. TomatoBubble.com

<https://www.nytimes.com/2015/04/22/books/frederic-morton-author-and-essayist-dies-at-90.html>

<https://jinge.se/mediekritik/internationella-storfinanssen-hjalpte-hitler.htm>

<https://www.youtube.com/watch?v=kiY2XiRETPo>

<https://stateofthenation.co/?p=17952>

<http://www.elliswashingtonreport.com/2021/03/07/a-brief-history-of-the-rothschild-khazarian-mafia-part-i-100-1200-ad/>

https://www.forbes.com/2009/02/23/contrarian-markets-boeing-personal-finance_investopedia.html?sh=25e63911b59a

https://en.wikipedia.org/wiki/Mayer_Amschel_Rothschild

https://en.wikipedia.org/wiki/Nathan_Rothschild,_1st_Baron_Rothschild

<https://firstworldwarhiddenhistory.wordpress.com/>

<https://firstworldwarhiddenhistory.wordpress.com/2018/03/06/prolonging-the-agony-2-the-full-hidden-history-exposed/>

<https://firstworldwarhiddenhistory.wordpress.com/2018/02/27/prolonging-the-agony-1/>

<https://firstworldwarhiddenhistory.wordpress.com/2017/05/16/first-world-war-hidden-history-blogs-an-update/>

https://archive.org/details/wwi_20210205

<https://en.wikipedia.org/wiki/Khazars>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/blackrock-vanguard-own-big-pharma-media/>

<https://www.lewrockwell.com/2021/04/bill-sardi/who-runs-the-world-blackrock-and-vanguard/>

<https://geopolitics.co/2015/03/11/hidden-history-of-the-incredibly-evil-khazarian-mafia/?fbclid=IwAR3Wk2Zy4k9kV1MlpTAgyo5HDclxqX2w0bsjyEvtyjwZKXM7E2JNgYenfk8>

<https://dailyexpose.uk/2022/04/04/khazaria-rothschilds-ukraine-and-nephilim-agenda/>